

Nd.

31. Tillaga

til þingsályktunar.

Flutningsmenn: Magnús Blöndahl, Jón Þorkelsson og Björn Kristjánsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd

1. til þess að ihuga á hvern hátt að haganlegast mundi að efla svo hag Landsbankans, að hann yrði fær um að styðja nýtsöm og nauðsynleg þjóðþrifa fyrirtæki, og koma fram með tillögur þar að lútandi.
2. til þess að ihuga fyrirkomulag veðdeildar Landsbankans og leggja ráð á og tillögur fram um það, hvernig tiltækilegast væri, að lánskjörin gætu orðið hagfeldari fyrir almenning en þau nú eru.